



Aðstöðusköpun byrjaði í ágúst og vinna við verkið sjálft hófst í byrjun september.

Full starfsemi var í Þjóðleikhúsinu á verk tímanum og gekk samstarf þar á milli mjög vel. Verkinu lauk 20. des. 2013 og Þjóðleikhúsið fékk lykla af viðbyggingunni afhenta þann sama dag. Verkinu lauk því nákvæmlega skv. verkáætlun þrátt fyrir ýmsar viðbætur.

Byggingin er límtrésbygging, klædd að utan með læstri zinc-klæðningu, tengd Þjóðleikhúsinu með inndregnum hálsi, klæddum gatastáli. Milligólf er byggt upp af stálsúlum og stál- og timburbitum. Til norðurs er stór vöruhúð við lyftugatið og gönguhúð verður til austurs við suð-austur horn. Uppbygging þaks ofan á aðalburðarvirki hússins eru timbursperrur með krossviðarklæðningu undir PVC dúk.



Verkkaupi

Framkvæmdasýsla Ríkisins

Upphaf framkvæmda

Ágúst / sept. 2013

Burðarþolshönnun

Verkfræðistofa Þráinn og Benedikt

Arkitektar

Teiknistofa Garðars Halldórssonar

Lok framkvæmda

20. desember 2013

Eftirlit

Framkvæmdasýsla Ríkisins